Enumeration form. ICELAND

HAGSTOFA ÍSLANDS

Skráning á manntal breytir engu um skyldu manna til að tilkynna aðsetursskipti lögum samkvæmt.

P.2-5: Population census.
P.6: Housing census.

Manntal á Íslandi 1. desember 1960.

Samkvæmt lögum frá 18. maí 1920 er hverjum húsráðanda skylt að láta teljaranum í té alla þá aðstoð, sem hann getur, við framkvæmd manntalsins, og sama gildir um forstöðumenn safnheimila. Þá er og hver maður skyldur til að gefa fullnægjandi skýrslu um sjálfan sig og hagi sína til afnota við manntalið.

Upplýsingar þær, sem teknar eru á skýrslu, verða aðeins notaðar til hagskýrslugerðar.

Almennar reglur um útfyllingu skýrslunnar.

1. Gera skal skýrslu um öll hús, sem eru notuð til íbúðar, hvort sem nokkur maður dvaldi þar hinn 1. desember eða ekki, og auk þess um alla mannabústaði, sem fólk bjó í 1. desember, þótt þeir hafi ekki verið ætlaðir til íbúðar við byggingu þeirra. Hver teljari skal tölusetja skýrslur sínar í framhaldandi röð (1, 2 o. s. frv.) í því rúmi, sem til þess er ætlað á þessari blaðsíðu, þannig að hvert hús hafi sitt eigið númer. Ef gera þarf fleiri en eina skýrslu um eitthvert hús eða bústað, skal sama númer vera á öllum skýrslunum, en jafnframt skal gefa þeim undirnúmer (1, 2 o. s. frv.), auk aðalnúmersins. — Áríðandi er, að **allir einstaklingar í sömu íbúð séu taldir á einni og sömu skýrslu**, þegar gera þarf fleiri en eina skýrslu um húsið.
2. Einnig skal gera skýrslu um öll íslenzk farskip og botnvörpuskip, hvar sem þau eru hinn 1. des. 1960.
3. Manntalseyðublaðið skal útfyllt hinn 1. des. 1960. Á það skal **skrá alla, sem dvöldust** í viðkomandi húsi, gistihúsi, stofnun, skipi o. s. frv. aðfaranótt 1. des., hvort sem þeir eiga þar lögheimili eða ekki (undantekningar: sjá reglur nr. 7 og 8). Sömuleiðis skal **skrá alla, sem eiga lögheimili** á viðkomandi stað 1. desember 1960, en eru fjarverandi (sjá nánar um lögheimili í teljaraleiðbeiningum).
4. Allir Íslendingar við nám erlendis skulu teknir á manntal, hvort sem þeir telja sig heimilisfasta á Íslandi eða ekki.
5. Þeir, sem deyja 1. des. 1960, skulu teknir á manntal, en börn, sem fæðast þann dag, skulu ekki tekin með. — Fólk, sem aðfaranótt 1. des. 1960 er t. d. á ferðalagi eða sjóróðri eða á öðrum stöðum, þar sem ekki fer fram manntalsskráning, skal skráð í því húsi, sem það kemur fyrst í 1. desember eða síðar.
6. Þegar um er að ræða safnheimili (t. d. vistheimili ýmiss konar, sjúkrahús, heimavistarskólar, gistihús, skip o. fl.) skal gera sérstaka skýrslu eða skýrslur fyrir hvert hús stofnunarinnar, og ef vistfólk og starfsfólk er í sama húsi, skal gera sérstaka skýrslu eða skýrslur um hvort um sig. Fólk, sem hefur íbúð fyrir sig, telst sér, svo sem um væri að ræða íbúð í venjulegu íbúðarhúsi, og enn fremur skal telja hjón eða foreldri með börn sem sérstakt heimili, þótt þau hafi ekki íbúð eða eigin matseld. Hér vísast að öðru leyti til skýringa B 5 á bls. 6. — Fólk á skipum skal telja í tvennu lagi, annars vegar áhöfn og hins vegar farþega, ef nokkrir eru.
7. Manntalið tekur **ekki** til forstöðumanna **erlendra sendiráða** og fjölskyldna þeirra, og ei heldur til erlends skrifstofufólks sendiráða ásamt skyldulíði. Eigi skal heldur taka á skýrslu upplýsingar um íbúð slíks fólks, heldur aðeins tilgreina nafn og starfsheiti íbúðarhafa. Á hinn bóginn skal taka á manntal allt erlent þjónustufólk hjá sendiráðum og sendiráðsstarfsmönnum, og sama gildir að sjálfsögðu um allt íslenzkt skrifstofufólk og þjónustufólk þessara aðila.
8. Um manntalsskráningu varnarliðsmanna og annarra útlendinga, sem hafa sömu réttarstöðu hér á landi og þeir (sbr. 7. gr. í viðbót við varnarsamning frá 8/5 1951), gilda eftirfarandi reglur:
   a) Ef þeir hafa húsnæði utan varnarsvæða Bandaríkjanna hér á landi, þá skulu þeir ávallt teknir á manntal ásamt skyldulíði.
   b) Ef þeir hafa ekki húsnæði utan varnarsvæða Bandaríkjanna, þá skulu þeir ásamt fjölskyldu vera undanþegnir manntalsskráningu. Þó skulu íslenzkar konur þessara manna teknar á manntal, og sömuleiðis sameiginleg börn þeirra, hvort sem þau eru íslenzkir eða erlendir ríkisborgarar.
   c) Allir útlendingar, sem dveljast á varnarsvæði Bandaríkjanna hér á landi og eru ekki varnarliðsmenn eða með sömu réttarstöðu og þeir, skulu teknir á manntal.

SKÝRSLA nr. ..... um húsið / bæinn } .....
(gata og húsnúmer, hús- eða bæjarheiti)

Undirnúmer:

Þessi skýrsla er nr. ..... af alls ..... skýrslum um íbúa hússins (undirnúmer útfyllist aðeins, ef fleiri en ein skýrsla er gerð fyrir sama hús, en allar skýrslur hússins hafi þá sama (aðal-)skýrslunúmer).

í ..... **kaupstað / hreppi**

í ..... **sókn**

Ef húsið telst til þéttbýlis utan kaupstaðar, skal tilgreina viðkomandi þorp eða kauptún hér: .....

Leiðbeiningar um útfyllingu dálks 18, um tegund starfs.

Tegund starfs skal tilgreind sem nákvæmast í dálki 18 (og líka, ef svo ber undir, í dálkum 19 og 20 ásamt tegund vinnustaðar). Stundum nægir að tilgreina starfsheiti, en oft þarf meiri nákvæmni við: Ófullnægjandi er að rita 'skrifstofumaður', rita skal: 'bókhaldari', 'gjaldkeri', 'vélritari', o. s. frv. Ekki 'verkamaður', heldur 'verkamaður við upp- og útskipun', 'verkamaður við götugerð', 'verkamaður við olíustöð', 'verkamaður í járnsmiðju', o. s. frv. Ekki 'verzlunarmaður', heldur 'afgreiðslumaður í verzlun', 'búðarstúlka', o. s. frv. Ekki 'verkakona', heldur 'hreingerningakona', 'vinnur við uppþvott'. Ekki 'vinnukona', heldur 'barnagæzla', 'eldhústörf', 'gripahirðing', o. s. frv.

Yfirlit.

Teknir á skýrsluna:	Karlar	Konur	Alls
Tala viðstaddra einstaklinga með lögheimili í húsinu			
Tala fjarverandi einstaklinga með lögheimili í húsinu (F)			
Auk þess einstaklingar með lögheimili annars staðar, en staddir í húsinu (S) ..			
Alls			

Númer teljara.....

.....
(Dags. og undirskrift teljara)

106039000

Skrifið með bleki (helst ekki með kúlupenna).

1 **Töluröð íbúða.** Íbúðir hússins skulu tölusettar í framhaldandi röð og fólk í hverri þeirra auk þess greint frá fólki í næstu íbúð með auðri línu.

2 **Töluröð heimila.** Ef fleiri en eitt heimili eru í íbúð, skal hvert þeirra tölusett (1, 2 ...). Athugist, að leigjandi telst tilheyra viðkomandi heimili, ef hann fær a. m. k. aðra aðalmáltíð dagsins hjá fjölskyldunni, sem hann leigir hjá, en ella telst hann sérstakt heimili. Einstaklingur, sem býr einn í íbúð, telst heimili út af fyrir sig.

3 **Nafn.** Greina skal fullt nafn, en við fleirnefni skal undirstrika það nafn (þau nöfn), sem venjulega er notað. Óskírð börn: Rita skal 'drengur' eða 'stúlka' ásamt föðurnafni eða ættarnafni. Fólk hvers heimilis (fjarverandi meðtaldir) **ritist í þessari röð:** Húsbóndi, húsmóðir og börn (kjörbörn, fósturbörn), sem sjálf eru ógift og barnlaus. Síðan komi ættingjar ásamt skylduliði (þar með gift börn húsbónda eða húsmóður eða börn með eigin börn). Síðan komi hjú ásamt skylduliði. Síðan leigjendur, sem teljast til heimilisins (sjá skýr. 2 hér fyrir ofan). Loks gestir (staddir um stundarsakir).

4 **Kynferði.** Karlmaður skammstafist 'M', kona skammstafist 'K'.

5 **Staða á heimilinu.** Fjölskyldutengsl verða að koma greinilega fram og sérstaklega tengslin við húsbónda.

Skammstafanir:
Húsbóndi ..... hb
Húsmóðir ..... hm
Barn þeirra ..... bþ
Kjörbarn þeirra ..... kjörb þ
Barn húsbónda ..... barn hb
Barn húsmóður ..... barn hm
Faðir húsbónda ..... faðir hb
o. s. frv.

Heimilisfólk utan fjölskyldu:
Hjú, leigjandi, næturgestur o. fl.

6 **Hjúskaparstétt.** Skammstafanir:
Ógift(ur) ..... óg
Gift(ur) ..... g
Ekkill, ekkja ..... e
Samvistum slitið án skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar .. s sl
Skilin(n) að borði og sæng .... sk b s
Skilin(n) að lögum ..... lögsk

7 **Fæðingardagur, -mánuður, -ár.** Rita skal t. d. '24/11-08' (= 24. nóvember 1908).

16 **Fyrirtæki (st**
A. Allir — bö
öðru verðm
hvort um
tegund þes
Sé um að
tilgreina þ
heimilisstör
Ef fyrirtæk
Ef ekki var
stunda í u
Ef fyrirtæk
veitandans
ur atvinnur
sala', 'eigið
Húsmóðir
þessari vik
vinnu hans
minnst þri
Dætur og
greini það
B. Þeir, sem
skulu tilfæ
Að auki til
C. Allir aðrir
sinni', 'efti

1	2	3	4	5	6	7	
Töluröð íbúða	heimila	Nafn	Kyn M/K	Staða á heimilinu	Hjúskaparstétt	Fæðingardagur /mán.	ár

8 **Fæðingarstaður.** Tilgreina skal:
— bæjar- eða húsheiti ásamt sveitarfélagi (og sýslu), ef fæðingarstaður er utan kaupstaða og kauptúna,
— heiti kaupstaðar eða kauptúns, ef fæðingarstaður er í þéttbýli,
— heiti lands, ef fæðingarstaður er erlendis.

Við uppgjöf fæðingarstaðar skal miða við núgildandi landfræðimörk, ef þau hafa breytzt, síðan hlutaðeigandi fæddist.

9 **Trúfélag.** Þjóðkirkjan skammstafist 'Þ'.
Önnur trúfélög tilfærist sem greinilegast.
Utan trúfélaga: Skammstafist 'utan trf'.

10 **Ríkisborgararéttur.** Íslenzkur ríkisborgararéttur skammstafist 'ísl'.
Erlendur ríkisborgararéttur: Þá skal tilfæra heiti landsins.

11—12. Um fjarverandi og stadda.

11 **Hér skal rita annað tveggja:**
F hjá þeim, sem eiga lögheimili á staðnum en eru fjarverandi.
S hjá þeim, sem eiga lögheimili annars staðar, en eru staddir í húsinu.

12 **Hér skal ritað annað tveggja:**
Dvalarstað fjarverandi einstaklinga: götunúmer, húsheiti eða bæjarnafn ásamt heiti kaupstaðar, eða heiti hrepps og sýslu. Ef sá fjarstaddi er á íslenzku skipi, þá skal tilgreina það, og ef hann er erlendis, þá skal tilgreina landið.

Lögheimili staddra einstaklinga: götunúmer, húsheiti eða bæjarnafn ásamt heiti kaupstaðar, eða heiti hrepps og sýslu. Ef lögheimilið er talið vera erlendis, þá skal tilfæra landið.

13—15. Um konur.

13 **Lifandi fædd börn alls.** Tala lifandi fæddra barna (0, 1, 2 o. s. frv.), sem konan hefur alið alls í núverandi hjónabandi, í fyrra hjónabandi og utan hjónabands (telja skal með þau börn, sem nú kunna að vera dáin).

14 **Giftingarár.** Hvaða ár giftist konan núverandi manni sínum (tilfærist ekki nema hjónin búi saman).

15 **Börn fædd í núverandi hjónabandi** (0, 1, 2 o. s. frv.), þó aðeins þau, sem fæddust eftir giftingu foreldra. Telja skal með þau börn, sem nú kunna að vera dáin. Ef hjónin búa ekki saman, skal ekki færa neitt í þennan dálk.

8	9	10	11	12	13	14	15
Fæðingarstaður (bær, sveitarfélag, sýsla)	Trúfélag	Ríkisborgararéttur	F / S	Dvalarstaður fjarverandi manna eða heimili staddra.	Tala barna alls	Núverandi hjónab. Giftingarár	Tala barna

16 **Fyrirtæki (stofnun) eða á hverju lifað.**

A. Allir — börn jafnt og fullorðnir — sem höfðu tekjur í peningum eða öðru verðmæti fyrir starf í vikunni fyrir manntalsdag (hér gildir einu hvort um var að ræða fullt starf eða ekki) skulu tilgreina **heiti og tegund þess fyrirtækis eða þeirrar stofnunar,** sem þeir þá unnu hjá. Sé um að ræða **fleiri en eitt fyrirtæki eða stofnun,** þá skal aðeins tilgreina þann aðila, sem mest var unnið hjá. — Konur, sem vinna **heimilisstörf fyrir ýmsa,** tilfæri þó aðeins: 'heimilisstörf fyrir aðra'. Ef fyrirtæki er **skipt í deildir,** skal tilgreina deildina, sem unnið var í. Ef ekki var unninn fullur starfstími, skal tilgreina tölu unninna vinnustunda í umræddri viku.

Ef fyrirtæki hefur ekki skráð heiti, þá tilgreinir launþegi nafn vinnuveitandans og upplýsir hvers konar starfsemi hann rekur, en sjálfstæður atvinnurekandi tilgreinir atvinnu sína þannig t. d.: 'eigin fasteignasala', 'eigið fjárbú', 'eigið kúabú' (ekki nóg að rita aðeins 'búskapur'). **Húsmóðir** (eða annar fjölskyldumeðlimur, ungur eða gamall), sem í þessari viku aðstoðaði heimilisföður (eða annan fjölskyldumeðlim) við vinnu hans með eða án launa, tilfæri það hér, ef aðstoðin hefur numið minnst þriðjungi venjulegs vinnutíma. Skammst.: 'aðstoð við atv. hb'. **Dætur** og aðrir ættingjar heima, sem **hjálpa til við heimilisstörf,** tilgreini það í dálki 16, enda stundi hlutaðeigendur ekki önnur störf.

B. Þeir, sem voru starfslausir **um stundarsakir** vikuna fyrir manntalsdag, skulu tilfæra: 'atvinnulaus', 'veikur', 'við nám', eða annað, sem við á. Að auki tilgreini þeir heiti fyrirtækisins, er þeir unnu síðast hjá á árinu.

C. Allir aðrir tilfæra hér á hverju þeir lifa aðallega, t. d. 'lifir á eign sinni', 'eftirlaun', 'ellilífeyrir', 'örorkustyrkur', 'á framfæri barna sinna'.

17 **Vinnustétt.** Fyrir alla, sem höfðu tekjur fyrir starf í vikunni fyrir manntalsdag skal upplýsa, annars vegar um sjálfstæða atvinnurekendur og hins vegar um launþega í því fyrirtæki eða við þá starfsemi, sem um ræðir í dálki 16:

Sjálfstæður atvinnurekandi:
— með aðkeypta vinnu í þeirri viku: 'atvr með aðkv.'.
— án aðkeyptrar vinnu í þeirri viku: 'atvr án aðkv'.

Launþegi:
— á föstu mánaðar- eða vikukaupi: 'launþ á föstuk'.
— á tímakaupi eða dagkaupi: 'launþ á tímak'.

Aðrir launþegar skýri frá tilhögun launagreiðslu, t. d. 'ákvæðisvinna', 'uppmæling', 'hlutur' o. s. frv.

18 **Hvers konar starf.** Hér skal tilgreina sem nákvæmast **tegund** þess starfs, sem hlutaðeigandi hefur í því fyrirtæki eða við þá starfsemi, sem um ræðir í dálki 16. Þegar um er að ræða iðnaðarstarf, skal upplýsa, hvort hlutaðeigandi er meistari, sveinn, iðnnemi eða verkamaður í iðninni. **Sjá nánari leiðbeiningar í ramma á forhlið eyðublaðsins, bls. 1.**

Í dálka 16—18 skal ekki skrá neitt um húsmæður og börn á framfærslualdri, sem í vikunni 20.—26. nóvember hvorki höfðu eigin atvinnutekjur né aðstoðuðu við atvinnu heimilisföður (eða annars fjölskyldumeðlims).

7		16	17	18
Fæðingar-		Atvinna í vikunni 20.—26. nóvember 1960		
dagur /mán.	ár	Fyrirtæki, stofnun eða á hverju lifað	Vinnustétt	Hvers konar starf

19—20. Atvinna í marz og í júlí 1960.

19 **Atvinna í marzmánuði 1960.** Þeir, sem voru starfandi í marz 1960 eða hluta af þeim mánuði, skulu tilfæra atvinnugreinina (tegund vinnustaðar eða atvinnu, sbr. leiðb. við dálk 16) og tegund starfs (starfsheiti, sbr. leiðb. við dálk 18), t. d.: 'vetrarvertíð — beitingarmaður', 'í hraðfrystihúsi — pökkunarvinna', 'hjá verktaka varnarliðsins — byggingarvinna', 'bæjarskrifstofa — sendisveinn', 'í Landsbankanum — afgreiðslustörf', o. s. frv. Sé um fleiri en eitt starf að ræða, skal tilfæra það starfið, sem hlutaðeigandi var lengst við í þessum mánuði. Sé starfið það sama og tilfært er í dálkum 16—18, skal setja hér: 'sama og nóv'. Hafi ekki verið um neitt starf að ræða í marz 1960, þá skal rita: 'ekkert starf'.

20 **Atvinna í júlímánuði 1960.** Þeir, sem voru starfandi í júlí 1960 eða hluta af þeim mánuði, skulu gera grein fyrir starfi sínu þá á nákvæmlega sama hátt og atvinna í marzmánuði 1960 var tilgreind: Tegund vinnustaðar og atvinnu og tegund starfs, t. d.: 'á kúabúi við heyskap', 'á síldveiðum — háseti', 'á síldarsöltunarstöð — beykir, verkamaður', o. s. frv. Eða: 'sama og marz', 'sama og nóv' og loks, 'ekkert starf', ef hlutaðeigandi hefur ekki verið starfandi í júlí 1960.

21—23. Núverandi nám. Tekin próf.

21 **Núverandi nám** við framhaldsskóla (þar með allir skólar gagnfræðastigsins) og hvers konar sérskóla, námskeið og þ. u. l. Tilgreina skal við hvaða skóla, námskeið o. s. frv. og hvers konar nám. T. d., 'Menntask. Rv. málad', 'Menntask. Ak. gagnfrd', 'Iðnskóli Selfoss, bólstrun', 'Leikskóli Þjóðleikhússins', 'Námsflokkar Rv, föndur', 'Háskóli Ísl, franska', 'Hásk Kph, efnafræði', o. s. frv.

22 **Almennt próf.** Tilgreina skal hæsta almennt próf frá framhaldsskóla, sem tekið hefur verið: Stúdentspróf (frá menntask. eða Verzlunarsk. Ísl.), ef um það er að ræða, ella skal tilgreina hæsta próf úr öðrum framhaldsskóla: 'unglingapróf', 'miðskóli', 'héraðsskóli', 'gagnfræðapróf', 'landspróf', 'kvennaskóli'. Sé ekki um að ræða neitt almennt próf frá framhaldsskóla, þá tilfærist: 'Ekkert'.

23 **Sérgreint próf.** Tilgreina skal próf frá sérskóla eða námskeiði, sem útheimtir minnst 5 mánaða fullt nám. Tilgreinið sem nákvæmast prófið eða skólann og greinina, svo og prófland, ef það er erlent. Sá, sem hefur lokið prófi í tveimur eða fleirum mismunandi sérgreinum — sem útheimtir minnst 5 mánaða fullt nám hver — tilgreini öll prófin á sama hátt.

19	20	21	22	23
Atvinna í marz Tegund vinnustaðar og starfs	Atvinna í júlí Tegund vinnustaðar og starfs	Núverandi nám	Almennt próf	Sérgreint próf

Húsið (bærinn) og íbúðir þess.

Hér skal láta í té upplýsingar um allt húsnæði, sem búið er í hinn 1. desember 1960, hvort sem það er ætlað til íbúðar eða ekki. Einnig skal lýsa hér auðum íbúðarhúsum og auðum íbúðum, þ. e. húsnæði byggt til íbúðarnota eða breytt til þeirra nota og í nothæfu ástandi, þótt enginn búi þar hinn 1. desember 1960.

A. Upplýsingar um húsið sjálft.

1. Ef gerðar eru fleiri en ein skýrsla um fólkið í húsinu, þá nægir að rita upplýsingarnar um húsið sjálft á eina þeirra (t. d. á skýrslu með undirnúmeri 1), en vísa skal til þeirrar lýsingar á hinum skýrslunum um fólkið í húsinu (rita skal 'upplýst á nr. 1' í það rúm, sem ætlað er fyrir upplýsingar um húsið á skýrslum með undirnúmer 2 og áfram).
2. Kjallari. Um er að ræða 'kjallara', ef gólf neðstu hæðar hússins er að meiri hluta til lægra en landið umhverfis. Telja skal hús kjallaralaust, ef kjallari er aðeins undir hálfu húsinu eða minni og ekkert íbúðarherbergi er þar.
3. Rishæð. Hæð í húsi telst 'rishæð', ef meiri hluti herbergja á henni (eldhús meðtalið) er undir súð eða með kvist, enda séu eitt eða fleiri íbúðarhæf herbergi á hæðinni. Slík hæð í húsi telst rishæð, hvort sem búið er á henni eða ekki. — Hanabjálkaloft og þ. u. l. telst ekki 'rishæð'.

B. Upplýsingar um íbúðir hússins.

1. 'Íbúð' merkir hér samsafn herbergja (getur þó verið aðeins eitt herbergi) á einni eða fleiri hæðum, sem byggingarlega eru ætluð til íbúðar fyrir eitt heimili (þótt stundum séu fleiri heimili í íbúð), að jafnaði með sérstöku eldhúsi eða eldunarplássi. Herbergi í húsinu utan hinnar eiginlegu íbúðar, sem íbúðarhafi ræður yfir og notar sjálfur eða leigir út, skulu tilfærð sérstaklega, eins og eyðubl. segir til um (liður nr. 4). Hér er átt við herbergi, sem geta ekki talizt eðlilegur hluti viðkomandi íbúðar vegna einangrunar eða fjarlægðar frá henni.
2. Tala herbergja. 'Herbergi' merkir hér húsrúm aðskilið frá umhverfi sínu með skilrúmi (veggjum) frá gólfi til lofts og með minnst 4 fermetra gólfflöt og 2 metra lofthæð. Þó telst ekki allt slikt húsrúm 'herbergi', heldur aðeins eiginleg íveruherbergi, svo sem dagstofa, „hall", borðstofa, svefnherbergi o. fl. Eldhús og baðherbergi teljast ekki 'herbergi', enda gefin upp sérstaklega. Gangar, forstofa, þvottaherbergi, geymslur o. fl. telst ekki herbergi, og sama gildir um allt annað húsrúm, sem hefur gólfflöt minni en 4 fermetrar eða lofthæð minni en 2 metrar.
3. Eldhús og eldunarpláss. Húsrúmið þar, sem matseld fer fram, verður að vera aðskilið frá um liggjandi húsrúmi og með minnst 4 fermetra gólfflöt og 2 metra lofthæð, til þess að um sé að ræða 'eldhús'. Ef svo er ekki, er aðeins um að ræða 'eldunarpláss'.
4. Varðandi hugtakið 'heimili' vísast til skýringa við dálk 2 á bls. 2.
5. Að því er snertir safnheimili (vistheimili, sjúkrahús, heimavistarskólar o. fl.) vísast til nr. 6 í reglum á forhlið eyðublaðsins. Eiginlegar íbúðir í hverju húsi stofnunarinnar skulu fá sömu meðferð og venjulegar íbúðir. Að því er snertir fólk utan íbúða í hverju húsi stofnunarinnar skal fara þannig að: Fyrir hverja fjölskyldu (eða foreldri með börn) án sérstakrar íbúðar skal tilgreina tölu íveruherbergja, sem hver fjölskylda hefur til afnota, en tala herbergja, sem allir aðrir íbúar hússins hafa til afnota, tilgreinist í einu lagi.

A. Húsið sjálft.

1. Er húsið íbúðarhús á jörð, einbýlishús, sérstætt fjölbýlishús eða hluti sambyggingar (t. d. raðhús eða hluti af fjölbýlishúsi með eigin aðalinngang) .....
2. Er húsið sumarbústaður, herskáli eða annað bráðabirgðahúsnæði. .....
3. Ef húsið er ekki notað einvörðungu til íbúðar, þá skal tilgreina til hvers annars það er notað, og hve stór hluti þess hér um bil .....
4. Úr hvaða byggingarefni eru útveggir hússins ofan kjallara (steinsteypa, vikurholsteinar, aðrir steyptir hleðslusteinar, hlaðið úr tilhöggnu grjóti, timbur múrhúðað, timbur járnklætt, torfbær o. fl. Ef ekki hrein tegund, skal rita nánari skýringu) .....
5. Hæð hússins.
   - Hve margar hæðir eru í húsinu fyrir utan kjallara og ris .....
   - Er kjallari í húsinu .....
   - Tala íbúðarherb. í honum (0, 1, 2 o. s. frv.) .....
   - Er rishæð á húsinu .....
   - Tala íbúðarherbergja í risi (1, 2 o. s. frv.) .....
6. Aldur hússins (hér um bil, ef óvíst er, hvenær byggingu þess lauk) .....

Svarið já þar, sem það á við:

7. Er miðstöðvarkerfi í húsinu .....
8. Til upphitunar er aðallega notað:
   - Rafmagn .....
   - Kol (koks) .....
   - Olía .....
   - Jarðhiti .....
   - Fljótandi gas .....
9. Fær húsið rafmagn:
   - Frá almenningsrafveitu .....
   - Frá einkarafstöð .....
10. Er vatn leitt í húsið:
    - Frá almenningsveitu .....
    - Frá einkaveitu .....
11. Er skolpleiðsla frá húsinu .....

B. Íbúðir hússins.

	Íbúð nr.	Íbúð nr.	Íbúð nr.	Íbúð nr.
1. Númer íbúðar (komi heim við númer íbúða á bls. 2)				
2. Staður íbúðar í húsinu (kj., 1. hæð, 2. hæð, o. s. frv., rishæð)				
3. Býr eigandi íbúðarinnar í henni (svarið já eða nei)				
4. Tala herbergja í íbúðinni sjálfri + tala herbergja, sem íbúðarhafi ræður yfir utan hinnar eiginlegu íbúðar, sbr. skýringu 1 hér fyrir ofan				
Herbergi alls				
Þar af:				
Notuð eingöngu til atvinnurekstrar				
Notuð af heimili nr. 1				
Notuð af heimili nr. 2				
Notuð af heimili nr. 3				
Notuð af heimili nr. 4				
Svarið já þar, sem það á við:				
5. Í íbúðinni er:				
a) Eigið eldhús				
b) Eldunarpláss aðeins				
c) Hvorki a) né b)				
6. Matseld á sér stað:				
Með rafmagni				
Kolum (koksi)				
Með fljótandi gasi				
Öðru (tilgreinist hverju)				
Engin matseld í íbúðinni				
7. Er rafmagnsísskápur í íbúðinni				
8. Er vatnssalerni í íbúðinni				
Er aðeins aðgangur að vatnssalerni með öðrum (annarri íbúð eða atvinnuhúsnæði)				
9. Í íbúðinni er:				
Baðker og steypibað				
Baðker en ekki steypibað				
Steypibað en ekki baðker				
Hvorki baðker né steypibað				

1	2	3	4	5	6	7		8	9	10
Number						Date of Birth		Place of Birth		
of dwelling unit	of house-hold	Name	Sex M/K	Position in household	Marital status	Day/ month	year	(farm, commune, county)	Religion	Nationa

9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	
					Present marriage		Occupation during week of 20-26 November 1960			Occup
Religion	Nationality	F/S	Temporary address of absent persons or domicile of persons staying in house	Total number of children	Year of marriage	No. of children	Enterprise, institution or source of income	Occupational status	Type of work	Nat of

64-16366
jka

18	19	20	21	22	23
er 1960	Occupation in March	Occupation in July			
Type of work	Nature of place of work and type of work	Nature of place of work and type of work	Studies in progress	General certificate of education	Certificate of vocational training